



Keppnisreglur

1.

Leiknar eru fjórar umferðir samkvæmt svokölluðu Schenkel-kerfi og síðan úrslitaleikir um verðlaunasæti. Í upphafi eru lið dregin saman til fyrstu umferðar, en eftir það leika saman hverju sinni lið sem eru sem næst hvort öðru í röðinni eftir því sem mögulegt er. Eftir þrjár umferðir fara átta efstu liðin í A-deild en sex þau neðstu í B-deild. Síðan er spiluð ein umferð til viðbótar innan deildanna. Að lokum spila tvö efstu liðin í A-deild um gullverðlaun, næstu tvö um bronsverðlaun og tvö efstu liðin í B-deild spila um sigur í B-deildinni.

2.

Röðun. Eftir hverja umferð er liðunum raðað eftir stigum. Ef lið eru jöfn að stigum raðast þau eftir fjölda unninna umferða. Ef þau eru þá enn jöfn raðast þau eftir fjölda skoraðra steina. Ef það dugar ekki til að ákvarða hvaða lið leika til úrslita um verðlaun skal fara fram skotkeppni milli viðkomandi liða. Þar renna fjórir úr hvoru liði til skiptis steini að miðju hrings. Leyft er að sópa. Fjarlægð frá miðju hrings að steini er mæld og lögð saman fyrir allt liðið. Það lið sem þannig fær lægri samtölu telst ofar í röðinni

3.

Leikir. Í almennu keppninni eru allir leikir 7 umferðir og skulu þær allar kláraðar. **Úrslitaleikir um sæti eru 8 umferðir (heimilt að hætta leik fyrr).** Kastað er upp á (eða snúið steini) hvort liðið á val um síðasta stein. Ekki er gefinn tími til upphitunar- eða æfingaskota við upphaf leikja. Almenn tölmið er að ekki taki lengri tíma en 15 mínútur að leika hverja umferð. Krullufólk er hvatt til að haga leik sínum þannig að ekki komi til óþarfa tafa. Verið tilbúin þegar kemur að ykkur og takið ekki óhóflega langan tíma til umhugsunar. Jafntefli eru leyfð. Tvö stig fást fyrir sigur, eitt fyrir jafntefli.

4.

Leikjadagskrá. Hvert lið leikur einn leik á fimmtudegi (3. maí), tvo leiki á föstudegi (4. maí) og einn leik fyrir hádegi á laugardegi (5. maí). Fjögur efstu liðin í A-deild og tvö efstu í B-deild leika síðan úrslitaleiki eftir hádegi á laugardag. Leikir hefjast kl. 18.00 og 20.30 á fimmtudag, kl. 09.00, 11.30, 14.30 og 17.00 á föstudag og kl. 08.30 og 11.00 á laugardag. Úrslitaleikir hefjast kl. 14.00 á laugardag.

5.

Að öðru leyti gilda reglur Alþjóða krullusambandsins, WCF, eftir því sem við á.